



---

---

## MINNISBLAÐ

---

---

**TIL:** SVEITARFÉLAGANNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU  
**FRÁ:** PÁLI BJÖRGVINI GUÐMUNDSSYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH  
**EFNI:** STJÓRNSÝSLA BYGGÐASAMLAGA - SAMANTEKT  
**DAGS:** 12. JÚNÍ 2020

Meðfylgjandi er úttekt og skýrsla Strategíu ehf. unnin fyrir SSH um skipulag og stjórnarhætti byggðasamлага á höfuðborgarsvæðinu.

Aðdragandi verkefnisins var sá að á aðalfundi SSH þann 15. nóvember 2019 var samþykkt í starfsáætlun SSH fyrir árið 2020 “að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi verði fenginn til að vinna tillögugerð í samráði við sveitarfélögin er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi”.

Í febrúar 2020 var unnið að því að fá ráðgjafa að verkefninu og var gengið til samninga við Strategíu ehf. um ráðgjöf vegna skipulags og stjórnarháttanna byggðasamlaganna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Skilgreiningu verkefnisins má finna á bls. 2 í meðfylgjandi skýrslu.

Helstu niðurstöður skýrslunnar má finna á bls. 3 en þar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að endurskoða skipulag og stjórnarhætti byggðasamlaganna og aðgreina starfsemi þeirra frá atvinnustarfsemi á samkeppnismarkaði og þeim verkefnum fundið hentugt rekstrarform. Í kjölfarið verði skipulag og stjórnarhættir aðlagðir.

Í ofangreindu samhengi eru lagðar til umræðu tvær sviðsmyndir, 2a og 2b.

Sviðsmynd 2a felur í grófum dráttum í sér að byggðasamlögin sinni ekki atvinnurekstri á samkeppnismarkaði, og að ákveðnum verkefnum í atvinnustarfsemi á samkeppnismarkaði, s.s. rekstri strætisvagna sem nú heyrir undir Strætó bs. og sorpeyðingu sem nú heyrir undir Sorpu bs. verði fundið viðeigandi rekstrarform. Byggðasamlögin, sem með þessari uppskiptingu sinni aðeins lögbundnum verkefnum og þeim ólögbundnum verkefnum sveitarfélaga sem uppfylla ákveðin skilyrði sem slík, lúti hins vegar pólitískt skipuðum stjórnnum, eins og nú er. Fulltrúaráð, sem skipað verði kjörnum fulltrúum sveitarfélaga, marki stefnusáttmála byggðasamlaganna og hafi eftirlit með innleiðingu hans. Jafnframt er gert ráð fyrir aðkomu SSH og því að aðalfundur byggðasamlaganna, þar sem m.a. stefnusáttmáli samkvæmt tillögu fulltrúaráðs komi til samþykktar, þjóni sem eigendavettvangur byggðasamlaganna.

Sviðsmynd 2b gengur í raun skrefinu lengra, en þar er gert ráð fyrir að byggðasamlögin, sem hafa þá sama hlutverk og í sviðsmynd 2a, séu sameinuð í eitt byggðasamlag og skipulag þess svipi til skipulags sveitarfélaga. Hvert fagsvið þeirra, þ.e. samgöngusvið, sorpsvið, almannavarnarsvið og

skíðasvæðin, heyri undir fagråd sem skipuð eru pólítískum fulltrúum, einn framkvæmdastjóri stýri hinu sameiginlega byggðasamlagi, en sviðsstjórar stýri hverju fagsviði. Jafnframt er gert ráð fyrir pólítískt skipaðri stjórn byggðasamlagsins og fulltrúaráði sem skipað sé kjörnum fulltrúum og marki opinbera stefnu sem samþykkt sé af aðalfundi. Þá er áfram gert ráð fyrir að verkefnum sem teljast atvinnurekstur á samkeppnismarkaði verði fundið viðeigandi rekstrarform.

Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar og tillagna í meðfylgjandi skýrslu.

Samkvæmt innleiðingaráætlun Strategíu, sem er að finna á bls. 24-26 í skýrslunni er gert ráð fyrir að málið verði kynnt nú í borgar- og bæjarráðum sveitarfélaganna og umræðunni haldið áfram.

Í framhaldi af því verði formleg tilaga mótuð um innihald og áframhald verkefnisins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Páll Björgvin Guðmundsson'.

Páll Björgvin Guðmundsson

Framkvæmdastjóri SSH

12. júní 2020